

ÁRSSKÝRSLA

Björgunarfélags Vestmannaeyja



Starfsárið

2010 - 2011

Skýrsla stjórnar Björgunarfélags Vestmannaeyja starfsárið 2010-2011.

Inngangur.

Hér á eftir fer skýrsla stjórnar yfir helstu atburði líðandi starfsárs Björgunarfélags Vestmannaeyja.

Starfsárið 2010-2011 skipuðu eftirfarandi meðlimir stjórn félagsins:

Formaður: Adolf Hafsteinn Þórsson.

Varaformaður: Davíð Smári Hlynsson

Gjaldkeri: Sigurður Þórir Jónsson.

Ritari: Arnar Ingi Ingimarsson

Meðstjórnandi: Halldór Ingi Guðnason.

Varamenn í stjórn: Hannes Kristinn Sigurðsson og Sindri Valtýsson.

Stjórn félagsins hélt á þessu starfsári 14 stjórnarfundum, 2 félagsfundum og 2 húsfundum með Skátafélaginu Faxe. Þetta starfsár er búið að vera rekstrarlega alveg ásættanlegt.

Félagstarfið þarf með einhverjum ráðum að efla, uppkomu hugmyndir á síðasta aðalfundi um að efla starfsáætlun er sú vinna kominn vel af stað, búið er að vera vinna eftir nýrri starfsáætlun í vetur.

Ríkisstyrkurinn vegna björgunarskipisins Þórs var tryggður þetta starfsárið en búast má við að það eigi eftir að reynast þyngra á næstu misserum, þó að óumdeilanlega fær hið opinbera mikið fyrir lítið í sambandi við styrki til Björgunarsveita.

Tveir stjórnarmenn tóku þátt í fulltrúaráðsfundi Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem haldin var í Vodafonehöllinni við Hlíðarenda, fundurinn var fróðlegur í alla staði. Einnig var í tengslum við þennan fund, haldin ráðstefna um svæðis- og aðgerðarstjórnir og var þar margt fróðlegt sem kom fram.

Ráðstefna Björgun var haldin og tók fólk frá okkur þátt í þessari ráðstefnu, sem verður myndalegri með hverri ráðstefnu og hvetjum við félagsfólk til að sækja þessa ráðstefnu.

Eins og alþjóð tók eftir þá gaus í Eyjafjallajökli og fórum við í að aðstoða í vetvangsstjórn sem og við lokanir á svæðinu, og í framhaldi af þessu þá fór hópur frá okkur til hreinsunarstarfa undir Eyjafjöllum. Einnig aðstoðum við eftir bestu getu húseigendur hér í Eyjum með hreinsun á rennum og þess háttar.



Landshlutamót unglिंगadeilda var haldið hér í eyjum og mættu um 250 þátttakendur og er það samdóma álit að vel hafi tekist til og fólkið okkar á heiður skilið fyrir frábæran undirbúning sem og keyrslu á þessu móti.

Þetta árið var prufað að hafa vinnudag sem kallaður var langur laugadagur og virkaði frábærlega, gert er ráð fyrir að þessi atburður verði tvisvar á ári hjá okkur. Þarna var tekið til í húsinu eftir flugeldasölu, bílar þvegnir og bara almenn tiltekt í björgunarmiðstöðinni F-38 sem og í sjóbúðinni. Það er samdóma álit þeirra sem tóku þátt að vel hafi tekist til. Svo um kvöldið var slegið upp smá teiti með grilli og tilheyrnandi.

Ákveðið var að taka aftur upp gamla hópstjórakerfið sem var við líði hér áður fyrr. Hóparnir eru eftirfarandi; bílar, bátar, sigbúnaður, skyndihjálp. Höfum sett hópstjóra yfir bílum, bátum og er í vinnslu að finna aðila fyrir skyndihjálp og sigbúnað.

Tveir félagsmenn fóru á námskeið R.N.L.I í Pool í Bretlandi, þetta árið var námskeiðið sérstaklega hugsað vélstjórum björgunarskipa, námskeiðið fór vel fram og létu félagsmennirnir tveir vel af því, félagið tók að venju þátt í kostnaði þessara ferðar og vill stjórnin halda áfram að senda skipsverja á þetta námskeið.

Þetta árið tók félagið í notkun harðbotna slöngubát sem hefur reynst vel þrátt fyrir nokkra byrjunar örðuleika.

Ekki var áhugi fyrir hálendisgæslu þetta árið en búið er að óska eftir aðkomu okkar að þessu máli í sumar. Stjórn félagsins hvetur þá sem hafa áhuga að hafa samband við stjórnarmenn og skrá sig í þetta verkefni.

Á starfsárinu var farið af stað með verkefni sem snýr að endurbótum á Faxastíg 38 í samstarfi við Skátafélagið Faxe, sú vinna er á byrjunar stigi og á eftir að verða félögunum báðum til mikilla sóma, enda löngu komin tími til að gera eitthvað í þessum efnum.

Stjórnin þakkar félagsmönnum ánægjulegt samstarf á starfsárinu sem liðið er og vonar áfram haldandi góður starfi.



Útköll og verkefni.

10. maí 2010

Útkall Grænn. Trilla vélarvana austur af Vestmannaeyjum. Komst í land af eigin vélarafli, en þurfti aðstoð við að komast að bryggju.

11.maí 2010

Útkall. Farið með sjúkling í Landeyjahöfn. Gekk mjög vel. í
bakaleiðinni kom í ljós að mikið hrun hafði orðið í Bjarnarey

05.Júlí 2010

Erlend kona í sjálfheldu í Blátindi

13.Ágúst 2010

F-1 Rauður, Bátur með 3 innanborðs að reka upp í kletta vestan við stórhöfða.

14.Ágúst 2010

F-2 Gulur, leit að konu á Heimaey.

04.október 2010

Harðbotna bátur félagsins notaður við leit í Hvalfirði, en voru nokkrir félagar staddir í Reykjavík á æfingu hjá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík.

7. október 2010

F-2 Gulur Bátur dottinn út úr tilkynningarskyldu LHG 15 sjómíllur vestur af eyjum. Báturinn kom svo í leitirnar en hann hafði farið inn í Grindavíkurhöfn.

17.desember 2010

F-2 Gulur óveðursaðstoð .

06.janúar 2011

F-3 Grænn, óveðursaðstoð.

01.Febrúar 2011

F-2 Gulur, óveðursaðstoð .

08.Febrúar 2011

F-2 Gulur, óveðursaðstoð.

08.Febrúar 2011

F-2 Gulur, óveðursaðstoð.

08.Febrúar 2011

F-2 Gulur, óveðursaðstoð .



Bílamál.

Rekstur Lunda1 (Econoline) hefur verið með hefðbundnum hætti, en á eftir að gera við tjón sem bifreiðin hlaut á síðasta ári, nú er beðið eftir að bifreiðin komist í lagfæringu.

Rekstur Lunda2 (Hilux) hefur verið með hefðbundnum hætti, bifreiðin varð fyrir smá tjóni og þurfti að skipta um afturdrif.

Rekstur Lunda 3 (Hiace) hefur verið með hefðbundnum hætti, en á eftir að gera við nokkar skellur sem bifreiðin hefur hlotið frá því að félagið tók hann í notkun, nú er beðið eftir að bifreiðin komist í lagfæringu.

Rekstur Lundi 4 (Hiace) hefur verið með hefðbundnum hætti. Aðeins hefur verið um að ræða reglubundið viðhald og enn er það að sanna sig hvað er gott að hafa einn svona snattbíl í þjónustu sveitarinnar.

Rekstur Lundi 5 (Yale) hefur verið með hefðbundnum hætti. Lyftarinn hefur sannað gildi sitt mjög vel, menn eru síst að skilja hvernig við komumst af án lyftara í sjóbúðinni.

Göngurall.

Göngurall var ekki haldið þetta árið og er það miður. Göngurallið er mikilvægur þáttur í félagsstarfinu og við þurfum að koma göngurallinu á þann stall sem það á sannarlega skilið.

Þjóðhátíð.

Félagið sá um flugeldasýningu á þjóðhátíð eins og undanfarin ár, þessi vinna gekk mjög vel og sýningin heppnaðist vel. Fleiri mættu koma að þessari vinnu.

Gjafir og áheit.

Félaginu barst á þessu starfári mjög rausnarlegur arfur frá Kjartani Bjarnasyni frá Djúpadal í Vestmannaeyjum. Viljum við félagsfólk Björgunarfélags Vestmannaeyja þakka þann hlýhug sem okkur var sýndur

Félaginu barst styrkur frá Kaupfélagi Árnesinga. Og við viljum þakka kaupfélagsmönnum kærlega fyrir.

Félaginu barst styrkur frá Slysavarnadeildinni Eykyndli vegna leitarkastara á björgunarskipið Þór, enn og aftur komu Eykyndillskonur færandi hendi og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.



Neyðarvörusala.

Í fjölda ára hefur félagið selt neyðarvörur í skip og báta. Adolf Þórsson starfmaður Björgunarfélagsins hefur séð um söluna. Neyðarvörusalan hefur gengið vel og við höfum aðeins verið að reyna að auka vöruúrvalið í þeirri vörulínu sem við höfum haldið okkur á.

Flugeldamál.

Flugeldasalan gekk nokkuð vel, við vorum að horfa á þó nokkrar hækkanir á innkaupsverði flugelda við reyndum þó að stilla hækkunum á útsöluverði á flugeldum í hóf. Við vorum með einn sölustað og var uppsetning hans með nokkuð hefðbundnum hætti. Mæting var nokkuð góð í söluna sem og fráganginn eftir sölu. En er svo komið að ekki verður undan því komist að auka pláss fyrir lager og eru þessi mál í alvarlegri skoðun og gert er ráð fyrir því að niðurstaða komi á næstu vikum.

Neyðarkall.

Salan gekk vel og viljum við þakka bæjarbúum fyrir frábærar móttökur, kom í ljós að mikill vilji er hjá fólki hér í bænum að taka þátt í þessu verkefni hjá okkur og eigum við enn þó nokkra sóknarmöguleika í þessu verkefni en til þess þurfum við fleiri til að selja, svo einfalt er það.

Faxastígur 38.

Tekin hefur verið ákvörðun af stjórnnum Björgunarfélagsins og Faxe að ráðast í framkvæmdir á Björgunarmiðstöðinni, framkvæmdir þessar voru kyntar fyrir félagsmönnum á félagsfundi þann 17. mars. Eins og menn hafa tekið eftir erum við framkvæmdir byrjaðar innandyrna í sameiginlegum sal félagana, ráðist var strax í þær framkvæmdir til að efla tekjur félagana í sal og eldhúsi á efri hæð björgunarmiðstöðvarinnar. Byrjað hefur verið að leita hagstæðustu tilboða í verkþætti utan dyra, eitthvað af tilboðum hafa borist og eru til úrvinnslu af framkvæmdanefnd félagana. Vonast er til að framkvæmdir hefjist sem fyrst.

Frumherji Bifreiðaskoðun hefur verið með bílskúrinn á leigu eins og undanfarin ár.

Heimasíða 1918.is

Mikið af efni er komið inn á síðuna. Enn á eftir að setja nokkuð af efni inná síðuna og óskum við eftir áhugasömum aðilum til að aðstoða okkur við þetta verkefni. Grundvöllur áhugaverðrar heimasíðu er að síðan sé lifandi og með fjölbreyttu efni og það okkar von að það gangi eftir. Við viljum einnig hvetja þá sem eiga myndir úr starfinu að að koma þeim til viðeigandi aðila.



Miðvikudagskaffi.

Á hverjum miðvikudagsmorgni klukkan hálf tíu mæta 8-15 meðlimir í kaffi og meðlæti í Þjörgunarmiðstöðinni þar er lífsgátan leyst og skipst á kjaftasögum. Ef að þú hefur ekki enn mætt þá máttu vita að þú ert velkomin.

Bátamál.

Eins og fram kom í skýrslu stjórnar hefur félagið tekið í notkun harðbotna slöngubát, báturinn hefur reynst vel þrátt fyrir minniháttar tjón sem varð á honum þegar hæll hans var rekin niður þegar siglt var í of grunnum sjó, Þjörgunarbáturinn Þór hefur verið þungur í rekstri þetta árið enda báturinn komin til ára sinna, þrátt fyrir það hefur Þór sannað sitt gildi sem áður. Taka þurfti upp efri hluta véla ásamt túrbínunum, olíuverk, spíssa, vatnsdælur og allar pakkningar utan á vélum, þessi upptekt tók vel í fjárhagslega fyrir félagið.

Búnaðarmál.

Mjög lítið hefur verið keypt af búnaði þetta starfsárið, reikna má með að eitthvað verði keypt af búnaði á næsta starfsári.

Spröngukennsla.

Spröngukennsla var með hefðbundnu sniði. Þarna lærir æska Eyjanna þjóðaríþróttina sprang.



SKÝRSLA MINNINGARSJÓÐSINS.

FYRIR ÁRIÐ 2010-2011

Sala minningarkorta gekk vel á síðastliðnu ári. Þóra Egilsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Emma Sigurgeirsdóttir sáu um söluna og hafi þær þökk fyrir.

Lög og reglur minningarsjóðsins eru á heimasíðu félagsins 1918.is

Stjórn sjóðsins skorar á félagsmenn og aðra að muna eftir sjóðnum er þeir þurfa að senda minningarkort. Símanúmerin er að finna í Eyjasímaskránni sem og á heimasíðu félagsins.

Stjórn minningarsjóðsins.

Sigríður Gísladóttir

Guðný Jensdóttir

Guðný Óskarsdóttir

Nýliðastarf veturinn 2010-2011

Starfið hófst í endaðan ágúst og komu inn 2 nýir meðlimir og voru 2 frá árinu áður. Nýliðakvöldin voru haldin á miðvikudagskvöldum klukkan 8.

Mætingin hefur verið mjög verið með verra móti og höfum við reynt að gera sem mest miðað við það að vera með fámennan hóp og hefur það tekist ágætlega.

Farið var á eitt námskeið í vetur, það var leitartækninámskeið sem haldið var á Hellu 11-13.mars og gekk það þokkalega.

Nýliðarnir hafa verið mjög áhugasamir og duglegir í vetur og hafa veitt hjálp í öðrum þáttum innan félagsins eins og með Unglingadeildina en þeir hafa verið mjög áhugasamir um að mæta og kenna þeim sem eru yngri og óreyndari. Ásamt því að vera í flugeldasölu og öllum undirbúningi sem því fylgir og öðrum verkefnum.

Við vonum að nýliðarnir hafi verið jafn ánægðir með veturinn eins og við. En við erum mjög ánægðir með þá og hafa þeir staðið sig með þryði og hlakkar okkur til að starfa meira með þeim innan félagsins á komandi árum.

Sindri Valtýsson
Bryndís Ýr Gísladóttir



Unglingadeildarstarf veturinn 2010-2011

Starfið hjá okkur hófst í byrjun september. Í ár voru 9 og 10.bekkjarkrakkar í starfinu. Starfið byrjaði vel og á fyrsta fund mættu um 20 krakkar í dag standa eftir 15 krakkar og teljum við það mjög gott.

Það sem við höfum verið að gera með krökkunum í vetur er t.d. skyndihjálparkynning og æfingar tengdar því, höfum farið í gönguferðir, fjallgöngur, klifurvegginn, farið að síga, farið út á tuðru og ýmislegt fleira.

Það helsta sem er á döfinni hjá unglíngadeildinni á næstunni, er að fara á landsmót unglíngadeilda sem haldið verður á Dalvík vikuna 6-10.júlí og er verið að vinna að undirbúningi fjáröflunar vegna þeirrar ferðar.

Krakkarnir hafa verið að standi sig með mikilli þryði í vetur og erum við umsjónarmennirnir mjög ánægð með þau. Vonum að þau hafi skemmt sér jafn vel og við í vetur og hlökkum til að starfa með þeim á næstu árum innan félagsins.

Sindri Valtýsson
Bryndís Ýr Gísladóttir



Úr Skipsdagbók Björgunarskipsins Þórs

4 apríl 2010

Farin æfingatúr, vestur með Eyjum með viðkomu í Brandinum.

12 maí 2010

Farin þjónustutúr að aðskoða kvikmyndatökumenn við upptökur á stuttmyndinni “Breki” þeir voru um borð í togara, og okkar hlutverk var að ná mönnum úr sjónum eftir að þeir hoppuðu út í.

14 maí 2010

Farin þjónustu túr í Landeyjahöfn.

28 júlí 2010

KL.9:30 prufutúr eftir sjósetningu. Allt gekk vel.

KL.12:00 farið í Landeyjahöfn til að ath aðstæður.

30 júlí 2010

Farin mælingatúr í Landeyjahöfn.

5 ágúst 2010

Farin mælingatúr í Landeyjahöfn með menn frá Siglingastofnun

18 ágúst 2010

Farin þjónustutúr í Surtsey með vísindamenn

20 ágúst 2010

Farið út í Surtsey að sækja vísindamennina aftur.

22 ágúst 2010

Farin þjónustutúr út í Elliðaey að sækja fólk.

13 september 2010

Farið í Landeyjahöfn með félagsmenn.

Farið aftur um kvöldið með unglinga í kynningarferð um unglिंगastarfið.

8 nóvember 2010

Farin æfingatúr rétt út fyrir Faxa. Æfð sigling í myrkri.

28 desember 2010

Farið í Landeyjahöfn að sækja góss vegna árlegrar fjáröflunar félagsins.

13 mars 2010

Æfingatúr í Landeyjahöfn.